

Jón Birgir Gunnlaugsson
Gránufélagsgötu 21
600 Akureyri

Reykjavík 25. október 2018
UST201810-160/P.B.S.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Glerárdalur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Akureyrarbæjar, dagsett 16. október sl., vegna framkvæmdar innan fólkvangs í Glerárdal.

Glerárdalur er friðlýstur sem fólkvangur og er markmið friðlýsingarinnar að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari, og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og breytileika jarðmyndana.

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi, innan fólkvangsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um að gera stíg/slóða með salla 0,5-0,8 metra breiðum og 10 cm þykkum, frá núverandi bílastæði og að skála Ferðafélags Akureyrar við Lamba. Verkið er unnið samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun Glerárdals og að langmestu leyti verður fylgt rolluslóðum. Staðsetning er sunnan árinna innan svæðisins. Fjöldi starfsmanna sem koma að framkvæmdinni eru 1-3 manns. Í gögnum umsækjanda kemur fram að ekki er þörf á því að setja upp mannvirki í tengslum við framkvæmdina og að ekki sé þörf á því að fara út fyrir göngustíga eða vegi. Ofaníbúður verður ferjaður frá núverandi bílastæði og hluti fluttur inn dalinn á frosinni jörð. Þær vélar sem þarf til að framkvæmda er lítil beltagrafa með vagn til flutninga. Slóðarnir munu stuðla að því að stýra umferð um svæðið og auka aðgengi.

Áhrifamat:

Glerárdalur er verndaður sem fólkvangur með það að markmiði að auka á gildi hans til útivistar. Framkvæmdin verður til þess að bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu auk þess sem góðir og skýrir stígar koma í veg fyrir að fólk fari í villur og troði nýjar brautir. Verkefnið ætti því að hafa jákvæð áhrif á svæðið út frá skilmálum friðlýsingarinnar.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir fyrsta áfanga framkvæmdarinnar, þ.e. gerð slóða innan fólkvangs í Glerárdal að Lamba, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkyнна skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður umfram það sem þetta leyfi nær til og lágmarka skal ferðir eins og kostur er.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum. Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Ekki skal hefja framkvæmdir á varptíma fugla.
- Halda skal raski utan stíga í lágmarki og vanda frágang á köntum.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Leyfisgjald:


Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst


Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri


Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur